



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@mvv.is](mailto:sveitarstjorn@mvv.is)

## Fundargerð Skólanefnd.

### 1. fundur

Fundur í skólanefnd 29.ágúst 2006 kl. 17:00 í Grunnskólanum í Reykjahlíð. Mættir eru Hrafnhildur Geirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson (í stað Steinunnar Óskar Stefánsdóttur), Eyþór Pétursson, Ásdís Jóhannesdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir, Unnur Sigurðardóttir, Sólveig Jónsdóttir og Auður Jónsdóttir.

1. Formaður setti fund og bauð nýja skólanefnd velkomna til starfa. Steinunn verður varaformaður og Ásdís ritari.

2. Skólastarf komandi vetrar.

Sólveg kynnti skólastarf komandi vetrar og las upp lög um skólanefnd 12. grein (mjög fróðlegt). Einnig talaði hún um að fá send drög um erindisbréf skólanefndar hjá sveitastjóra.

Sólveig sagði frá því að stundaskrá væri tilbúin að flestu leyti.

Skóladagatal var samþykkt sl. vor. Breyting verður þó líklega á dagatalinu nk. vor þar sem að áætluð skólaferð til Austurríkis stangast á við próftímann sem þarf að breyta. Einnig vantar starfsdaga inn á dagatalið. Mai væri því örlítið óljós. Sólveig og Auður sögðu frá skemmtilegri Austurríkisferð nemenda 9. og 10. bekkjar sem farin var vorið 2005.

Einnig var talað um fjarnám sem 6 nemendur í 10 bekk hafa ákveðið að stunda og fá þar með góðan undirbúning fyrir framhaldskólanám.

Rætt var um kennararáðningar og hvað gekk illa að ráða kennara þó mikið hafi verið auglýst í sumar. Einnig er aðeins um barneignarfrí og önnur frí svo það þarf eitthvað að hagræða í september. Síðan vantar kennara í heila stöðu eftir áramót því Bergþóra hefur bara lofað að vera fram að áramótum.

Sagt var frá ágætis samvinnu við skólaþjónustuna á Húsavík.

Einnig var rætt að tími væri kominn á ýmist viðhald á skólahúsnæði eftir 13 ára kennslu í húsinu. Verið væri að yfirdekkja stóla skólans og tímabært væri að fjárfesta í nýju sjónvarpi og litaprentara.

### 3. Einelti.

Sólveig sagði aðeins frá verkefni sem heitir Dan Olweus og er um einelti ([www.olweus.is](http://www.olweus.is)). Markmiðið er að gera alla meðvitaða um einelti og afleiðingar þess.

### 4. Önnur mál.

Velt var upp þeirri spurningu hvort að ekki væri hægt að samrýma og tengja betur tómsundur og nám með skólaakstri t.d. á miðvikudögum væri laus tími. Skapaðist heilmikil umræða um þær tómsundur en bent var á að oft væri of langur tími sem að færi í að bíða eftir eftir tómsundum. Lagt til að foreldrar tómsundabarna utan þorpsins þyrftu að finna sameiginlega lausn.

Hrafnhildur spurði um myndatöku sem að átti að taka sl. vetur en tókst ekki. Sólveig ætlar að athuga þetta núna á haustdögum hjá ljósmyndara.

### 5. Leikskólamál.

Þóra Ottósdóttir, leikskólastjóri kom og kynnti vetrarstarfið. Hún sagði okkur að 10 börn væru í vistun. 6 börn allan daginn, 3 börn til kl. 14:00 og eitt barn með breytilega vistun.

3 börn fædd 2001

4 börn fædd 2002

1 barn fætt 2003

1 barn fætt 2004 (annað barn í nokkrar vikur)

1 barn fætt 2005

Umræða skapaðist um aldur leikskólabarna og aðstöðu.

Þóra sagði frá nýjum lögum um leiksvæði og þarf að skoða leiksvæði leikskólans eins fljótt og auðið er, hvort það samræmist kröfur.

Ósk vegna bréfs á opnun leikskóla á föstudögum til kl.16:30 var tekin til umræðu og lagt til að athuga þann möguleika í stöðunni. Vitað væri um a.m.k. 4 börn sem að myndu nýta sér þá vistun eftir hádegi á föstudögum.

Skólanefnd leggur til að aðstaða leikskóla Yls verði enduskoðuð og almenn aðstaða fyrir starfsfólk og leikskólabörn verði bætt.

Hægt verði í framhaldi af því að lækka leikskólaaldur niður í eins árs og veita þar með betri þjónustu fyrir íbúa Skútustaðahrepps. Þar sem að fallið hefur verið frá byggingu nýs leikskóla, um tíma, kom upp sú tillaga að hagstæðara yrði að leggja undir allt húsnæði (þar meðtaldri skrifstofu Skútustaðahrepps) fyrir leikskólann, með tilheyrandi breytingum og finna annað viðunandi húsnæði fyrir stjórnslu Skútustaðahrepps.

Þolinmæði starfsfólks leikskólans er þrotin.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 19:00

Hrafnhildur Geirsdóttir  
Þórhalla Valgeirsdóttir  
Jón Óskar Ferdinandsson

Ásdís Jóhannesdóttir  
Eypór Pétursson